

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Reykjavík 16. apríl 2021
Mál nr. US210067

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag_umsögn.

Vísað er í fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 17. mars s.l. um framfylgd tillögu Sjálfstæðisflokksins þann 21. júní 2019 í borgarstjórn um markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag í Reykjavík (málsnr. US190274). Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs. Þann 16. október sama ár var tillögunni vísað að til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða og inn í áætlun og greiningar svæða til skógræktar.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 19. febrúar 2020, undir liðnum loftslagsskógar (málsnr. US190325), var lögð fram og samþykkt umsögn með tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, deild náttúru og garða, dags. 11. febrúar 2020 og bréf um möguleg svæði til skógræktar dags. 8. maí 2019 vegna greiningar á svæði til skógræktar og trjáræktar með hliðsjón af tillögum stýrihóps um skógræktarmál sem samþykktar voru á fundi hópsins 13. febrúar 2018 og tillögu borgarstjóra um loftslagsskóga sem samþykkt var á fundi borgarráðs 14. maí 2019.

Í tillögunni var lagt fram yfirlit um möguleg skógræktarsvæði og niðurstaðan var að hefja skógrækt í Úlfarsfelli í samvinnu við Skógræktarfélagið.

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða